

# Umsögn

Til: Matvælaráðuneyti  
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri  
Dags. 8. maí 2024  
Mnr. 2024010062



ÍSAFJARÐARBÆR

## Umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um lagareldi

Ísafjarðarbæ fagnar því að frumvarpi til laga um lagareldi sé komið fram og þakkar samráð við undirbúning þess.

Ísafjarðarbær er fylgjandi þeim markmiðum sem sett eru fram í frumvarpi til laga um lagareldi þar sem skapa á skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu. Löngu er orðið tímabært að efla lagaumgjörð um þessa atvinnustarfsemi og kallað hefur verið eftir heildstæðri stefnumótun um fiskeldi. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa bent á til margra ára að styrkja þurfi stjórnábylgju greinarinnar og efla eftirlit með greininni, auk þess að tryggja að ávinningur greinarinnar skili sér nærsamfélaganna. Vel hefur verið staðið að vinnu við frumvarpið, og ber þá sérstaklega að nefna úttekt Ríkisendurskoðunar um sjókvíaeldi og skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis, sem eru mikilvæg gögn við vinnslu frumvarpsins.

Mikilvægt er að sjókvíaeldið fái að þróast og að þekking á atvinnugreininni verði eflað með auknum rannsóknum og menntun. Samfélög á Vestfjörðum eiga mikið undir að atvinnugreinin vaxi enda hefur orðið algjör viðsnúningur í atvinnulífi og byggðapróun á Vestfjörðum sl. ár með tilkomu uppbyggingar sjókvíaeldis. Greinin er orðin mikilbæg stoð í efnahagslífi landsins. Skýrsla Boston Consulting Group staðfestir tækifæri og mögulegan vöxt í framtíðinni en til að það geti orðið þá þarf ramminn og umgjörð greinarinnar að vera skýr.

### Rannsóknir, eftirlit og menntun í nærsamfélögum sjókvíaeldis

Ísafjarðarbær ásamt fleiri sveitarfélögum hefur barist fyrir því störf tengd rannsóknum, eftirliti og menntun verði eflað og byggð upp í nærumhverfi atvinnugreinarinnar. Með nýju frumvarpi um lagareldi er tekið á þessum mikilvægu þáttum og starfsemi Matvælastofnunnar og Hafrannsóknarstofnunar eflað en gerð er krafa um að störfin verði í **nærumhverfi greinarinnar**. Það er gríðarlega mikilvægt að efla rannsóknir, menntun og eftirlit og hún sé stunduð í sátt við umhverfi og samfélag og lúti ströngustu umhverfiskröfum. Með staðbundnum störfum í nærumhverfi greinarinnar er hægt að stunda virkt eftirlit, byggja upp þekkingu og stuðla að framþróun í sjókvíaeldissamfélögum.

Að þessu sögðu þarf samhliða að byggja greininni **jákvæð skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis** og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu. Í allri reglusetningu gagnvart greininni er mikilvægt að það eftirlit og þau viðurlög sem mælt er fyrir um valdi því ekki að það verði stöðnun í atvinnugreininni heldur verði henni gert kleift að byggjast upp með sjálfbærum hætti til framtíðar.

Mikilvægt er að taka vel á afgangslu mála er tengjast dýravelferð eins og gert er í frumvarpinu, svo að fyrirtæki og eftirlitsaðilar geti tekið betur á málum. Einfaldaðir málsmeðferðir og skilvirkir verkferlar skipta sköpum þegar t.a.m. koma upp atburðir eins lúsasmit.

Varðandi grein 37. sem kveður á um búnað sem er ekki í notkun þá þarf að vera alveg skýrt að fiskeldisfyrirtækin beri alla ábyrgð á að fjarlægja og farga búnaði sem ekki er lengur í notkun og ekki eigi að veita undanþágu hvað þetta ákvæði varðar.

### **Samfélagssjóður**

Ísafjarðarbær fagnar nýjum Samfélagssjóði sjókvíaeldis sem hefur hlutverk að styrkja sjókvíaeldisbyggðir og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum. Það hefur verið ákall sveitarfélaga að fjármunum verði **úthlutað beint** til sjókvíaeldisbyggða í stað umsóknakerfis og komið er til móts við þau sjónarmið í frumvarpinu. Nýtt fyrirkomulag mun jafnframt auka fyrirsjáanleika og einfalda áætlunargerð og framkvæmdir sveitarfélaga. Ísafjarðarbær gerir athugasemd við að frumvarpið gerir ráð fyrir minni fjármunum til sjókvíaeldissveitarfélaga en núverandi fyrirkomulag í gegnum Fiskeldissjóð. Gríðarleg þörf er fyrir innviðafjárfestingu og viðhaldsskuld hafa safnast upp í gegnum áratugi og ljóst má vera að styrkja þarf innviði þessara sveitarfélaga. Nærsamfélög sjókvíaeldis verða að fá að njóta ávinnings uppbyggingar fiskeldis og tengdrar starfsemi.

Fram kemur í greinargerð frumvarpsins á bls. 77 að samfélagssjóður muni njóta framlaga af fjárlögum sem svarar til þriðjungstekna af gjaldi sem gert er ráð fyrir að innheimtist í ríkissjóð en það færi betur á að þetta kæmi fram í lagafrumvarpinu sjálfu svo enginn vafi liggja á þessu, jafnframt er gerð athugasemd við skiptinguna en sveitarfélag Vestfjörðum hafa farið fram á að stærrí hlutur fari til þeirra, allavega fyrst um sinn meðan unnið er að stórum innviðaverkefnum.

### **Umhverfis- og menntasjóður sjókvíaeldis**

Ísafjarðarbær lýsir yfir stuðningi við Umhverfissjóð og menntasjóð sjókvíaeldis. Mikilvægt er að efla rannsóknir og menntun í greininni, svo hún fái að blómstra á sterkum grunni þekkingar og rannsókna, fyrir umhverfið og samfélögin sem á henni byggja. Þá vill Ísafjarðarbær undirstrika mikilvægi þess að menntunar- og rannsóknartækifæri verði til staðar í nærsamfélögum sjókvíaeldis.

Samfélög þar sem fiskeldi er stundað eiga mikið undir að greinin fái að vaxa og dafna, og í sátt við umhverfið. Þess vegna er það mikilvægt er að frumvarpið verði að lögum sem fyrst til að byggja undir sterkari stoðir og skýrari ramma utan um lagareldi.

Ísafjarðarbær lýsir sig reiðubúin til fylgja eftir umsögninni sé þess óskað.

Arna Lára Jónsdóttir



Arna Lára Jónsdóttir

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

